Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 05. Maí 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir.

Fjarverandi:

1. **Reiðskólinn Hestalíf**
   Reiðskólinn verður með námskeið í Spretti líkt og undanfarin ár og verður starfsemin með svipuðu sniði. Skólinn fær afnot af Hattarvallahöllini ef veður gefur tilefni til þess og afnot af sömu viðrunarhólfum og síðustu ár.

2. **Menntastefna**
   Ákveðið var að taka þátt í kostnaði yfirþjálfara Sprett í þátttöku á Menntaráðstefnu LH og FEIF sem haldin verður á Sauðárkróki í september 2026.

3. **Veislusalurinn - inngangur**
   Rætt um framkvæmdir við veislusalinn en skipta þarf um nokkra flísar í anddyrinu og laga til fyrir framan salinn, meðfram suðurhliðinni, helst að steypa stétt. Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun fyrir þessum framkvæmdum.

4. **Gæðingamótsnefnd**
   Gæðingamótsnefnd Spretts kom á fundinn og fór yfir undirbúning fyrir gæðingamótið. A-flokkur ungmenna og B-flokkur áhugamenna eru nýjar sýningargreinar á LM og má Sprettur má senda 6 þátttakendur í hvern flokk.
   Mótið verður auglýst fljótlega, seinni umferðin líklega á mánudegi en forsenda fyrir þátttöku þar er að vera skráður á fyrra úrtökuna. Líklegt að margir afskrái sig úr úrslitum mótsins vegna mikils mótahalds.
   Ríkharður Flemming, Sigurður Baldur, Sveinbjörn yngri, Erla Magnúsdóttir, Katla Gísladóttir, Hannes Sigurjónsson og fleiri koma að undirbúningnum..

5. **Miðflokkurinn**
   Þeir komu í heimsókn og kynnti sér starfsemi Spretts og ræddu sýnar áherslur fyrir komandi kosningar.

6. **Önnur mál**
   Klára þarf að koma bílnum í gegnum skoðun og mögulega setja hann á sölu aftur.
   Byggingarkrani var reistur á öðrum akveginum í nýja hverfinu, Berglind heyrir í Garðabæ með hvaða reglur gildi um slíkt.
   Gámurinn sem staðið hefur við vesturgafl Samskipahallarinna verður fluttur á brott í júní.
   Halldór var á undirbúningsfundi um Frístundamessu. Kemur með meiri upplýsingar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson